

**578. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
fimmtudaginn 14. október 2021
og hófst hann kl. 18:00.**

Fundinn sátu:

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Guðni Ólafsson (GÓ), Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓP), Björgvin Smári Haraldsson (BSH), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓPÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 578 lögmætan.

Dagskrá:

1. Tálknafjarðarvegur - 2110134

Samningur vegna framkvæmda við Tálknafjarðarveg um þéttbýlið á Tálknafirði lagður fram til staðfestingar. Jafnframt er lagður fram verksamningur vegna sama verks til staðfestingar.

Lilja Magnúsdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins vegna venslatengsla við aðila þess.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða samninga vegna framkvæmda við Tálknafjarðarveg um þéttbýlið á Tálknafirði. Kostnaði við framkvæmdina er vísað til fjárhagsáætlunar ársins 2022.

2. Samstarf í stafrænni umbreytingu sveitarfélaga 2022 - 2110128

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 07.10.2021 þar sem kynntur er kostnaður vegna þátttöku í stafrænu samstarfi sveitarfélaga 2022 auk þess sem óskað er eftir afstöðu til þátttöku í sérstökum stafrænum verkefnum ársins 2022.

Sveitarstjórn samþykkir með fjórum greiddum atkvæðum að taka þátt í verkefnum vegna samstarfs sveitarfélaga á árinu 2022. Kostnaði vegna verkefnisins er vísað til fjárhagsáætlunar 2022.

B.S.H. situr hjá við afgreiðslu málsins.

3. Stuðningsverkefni vegna innleiðingar heimsmarkmiðanna í sveitarfélögum - 2109072

Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 17.09.2021 varðandi stuðningsverkefni frá hausti 2021 til vors 2022 vegna innleiðingar Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í íslenskum sveitarfélögum.

Sveitarstjórn telur ekki forsendur til að taka þátt í verkefninu að þessu sinni.

4. Styrkbeiðni vegna Vatnaskógarferðar. - 2109048

Erindi frá Stóru-Laugaradalssókn dags. 14.09.2021 þar sem óskað er eftir styrk vegna ferðar fermingar barna í Vatnaskóg haustið 2021.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita umbedinn styrk.

5. Menningarminjar í Krossadal - 2109039

Erindi frá Maríu Óskarsdóttur dags. 09.09.2021 þar sem óskað er eftir styrk vegna varðveislu menningarminja í Krossadal í Tálknafirði.

Sveitarstjórn þakkar erindið og óskar bréfitara velfarnaðar með verkefnið en telur hins vegar ekki forsendur til að styrkja það með fjárframlagi.

6. Steinn við Brekku - 2109070

Erindi frá Torfa E. Andréssyni dags. 20.09.2021 varðandi stein við húsið Brekku.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ræða við bréfitara vegna erindisins í samræmi við umræður á fundinum.

7. Umsókn um að merkja stikur og staura - 2109095

Erindi frá Cycling Westfjords sem barst 28.09.2021 þar sem óskað er eftir leyfi til að merkja stikur og staura í Tálknafjarðarhreppi.

Afgreiðslu málsins er frestað og óskar sveitarstjórn eftir nánari upplýsingum um málið.

8. Styrkbeiðin frá Björgunarsveitinni Tálkna - 2110116

Erindi frá Björgunarsveitinni Tálkna sem barst 05.10.2021 þar sem óskað er eftir styrk vegna fasteignagjalda ársins 2021.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að veita umbedinn styrk.

9. Atvinnu- og hafnarnefnd - 29 - 2110001F

Fundargerð 29. fundar Atvinnu- og hafnarnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 04.10.2021.

Fundargerðin er staðfest.

Vegna úthlutunar úr fiskeldissjóði gerir sveitarstjórn samhljóða eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps gerir alvarlegar athugasemdir við úthlutun úr Fiskeldissjóði 2021 þar sem minnihluti úthlutana úr sjóðnum kom til Vestfjarða þaðan sem meirihluti tekna sjóðsins kemur. Sveitarfélagið hefur unnið að innviðaupbyggingu vegna fiskeldis síðan 2010 og hefur áður bent á að gjöld af fiskeldi eigi að renna beint til þeirra sveitarfélaga þar sem fiskeldið er stundað.

Þær ábendingar eru í samræmi við álit nefndar um stefnu í auðlindamálum sem og tillögur í skýrslu starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi frá 21. ágúst 2017, að stærstum hluta gjaldsins ætti að vera ráðstafað til þeirra landsvæða sem hafa aðkomu að fiskeldi í sjókvíum, eða 85% af innheimtu gjaldi. Ljóst er af úthlutun fiskeldissjóðs 2021 að úrdeiling tekna af gjaldtöku af fiskeldi í sjó sé ekki í samræmi við fullyrðingar í greinargerð laga um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð nr. 89/2019, þar sem kom fram að samhliða uppbyggingu fiskeldis munu kröfur um innviðaupbyggingu og þjónustu í viðkomandi sveitarfélögum aukast. Þannig má gera ráð fyrir auknum útgjöldum ef efla þarf samfélagsþjónustu við íbúa og bæta samgöngur. Tekjustofnar sveitarfélaga eru takmarkaðir og því mikilvægt að þær tekjur sem falla til á grundvelli laganna renni til sveitarfélaganna þar sem nýting

auðlindarinnar og starfsemi fyrirtækja í fiskeldi fer fram og þörfin til uppbyggingar þjónustu er einna mest.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps hvetur komandi ríkisstjórn til að endurskoða fyrirkomulagið og tryggja í auknum mæli að þær tekjur sem skapast af fiskeldi verði sannarlega eftir þar sem fiskeldið og verðmætasköpunin fer fram.

- 9.1 2106247 - Vatnslögn frá Tunguvirkjun inn á Hvítalæk
- 9.2 2009255 - Breyting á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar.
- 9.3 2104032 - Verndaráætlun Tálknafjarðarhafnar
- 9.4 2108057 - Fiskeldissjóður 2021
- 9.5 2103043 - Sorp móttaka á sorpi á hafnasvæðum
- 9.6 2109020 - Úttekt á fjárhagsstöðu hafna
- 9.7 2101560 - Fundargerðir 2021 Hafnasamband

10. Fjárhagsáætlun 2022-2025 - 2108058

Vinnugögn lögð fram.

Vísað til vinnufundar sveitarstjórnar vegna fjárhagsáætlunar.

11. Samningur vegna yfirfærslu Tálknafjarðarveggar - 2109055

Undirritaður samningur Vegagerðarinnar og Tálknafjarðarhrepps vegna yfirfærslu Tálknafjarðarveggar (617-02) dags. 16.09.2021.

Staðfestingu samningsins er frestað þar til lokaúttekt hefur farið fram að framkvæmdum loknum, líkt og kom fram í bókun sveitarstjórnar á 573. fundi hennar sem fór fram 12.05.2021 og fylgir samningnum sem fylgiskjal.

12. Úttekt á starfsemi slökkviliðs - 2110113

Erindi frá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun dags. 31.09.2021 þar sem tilkynnt er um niðurstöðu á úttekt á Slökkviliði Tálknafjarðar sem fór fram 09.09.2021.

Skýrslan er lögð fram og vísað til vinnu við endurskoðun á brunavörnum á sunnanverðum Vestfjörðum.

13. Ísland ljóstengt 2021 - 2102639

Lokaskýrsla Snerpu til Tálknafjarðarhrepps vegna verkefnisins Ísland ljóstengt 2021.

Lagt fram. Sveitarstjórn þakkar starfsmönnum Snerpu fyrir skjóta og góða þjónustu og vinnu vegna þessa verkefnis.

14. Þjónustusamningur vegna sorphirðu - 2110111

Undirritaður þjónustusamningur dags. 01.09.2021 við Kubb ehf. um sorphirðu og förgun í Vesturbýggð og Tálknafjarðarhreppi ásamt fylgigögnum.

Lagt fram.

Sveitarstjórn þakkar Terra og starfsmönnum fyrirtækisins sem nú hætta þjónustu fyrir sveitarfélagið fyrir gott samstarf á undanförunum árum. Jafnframt óskar sveitarstjórn

starfsmönnum Kubbs velfarnaðar í störfum fyrir íbúa á Tálknafirði.

15. Barnvæn sveitarfélög - 2109017

Erindi frá Unicef og Félagsmálaráðuneytinu dags. 02.09.2021 þar sem verkefnið "Barnvæn sveitarfélög - Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna" er kynnt.

Lagt fram.

16. Framtíð minni sveitarfélga á Íslandi - 2109103

Fundarboð frá Samstarfshópi minni sveitarfélaga dags. 29.09.2021 vegna fundar um framtíð minni sveitarfélaga sem fór fram í Hilton Nordica í Reykjavík 06.10.2021.

Lagt fram.

17. Leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna og leiðbeiningar um þátttöku nefndarmanna á fundum sveitarfélaga með rafrænum hætti - 2110117

Erindi frá Samgöngu- og sveitarsjórnarráðuneytinu dags. 04.10.2021 ásamt fylgiskjölum þar sem sveitarfélögum er tilkynnt um að á grundvelli 2. mgr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 hafi verið gefnar út nýjar leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna og leiðbeiningar um þátttöku nefndarmanna á fundum sveitarfélaga með rafrænum hætti.

Nýjar leiðbeiningar taka mið af lögum nr. 96/2021 um breytingar á sveitarstjórnarlögum.

Lagt fram. Sveitarstjóra er falið að uppfæra samþykktir Tálknafjarðarhrepps í samræmi við það sem kemur fram í nýjum leiðbeiningum Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins og leggja fram til staðfestingar í sveitarstjórn.

18. Breytingar á leiðbeiningum um ritun fundargerða og notkun fjarfundarbúnaðar - 2109010

Erindi frá Samgöngu- og sveitarsjórnarráðuneytinu dags. 01.09.2021 þar sem sveitarfélögum er tilkynnt um fyrirhugaðar breytingar á leiðbeiningum um ritun fundargerða og notkun fjarfundarbúnaðar.

Lagt fram.

19. Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga - 2110125

Erindi frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu dags. 06.10.2021 þar sem drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1088/2018 um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga eru kynnt.

Lagt fram.

20. Aðalfundur BsVest 2021 - 2109085

Boð á aðalfund Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks sem fer fram 22.10.2021.

Lagt fram. Sveitarstjóri fer með umboð Tálknafjarðarhrepps á fundinum.

21. Verklagsreglur BsVest - 2110139

Verklagsreglur BsVest samþykktar af stjórn byggðasamlagsins 24.09.2021 ásamt fundargerð stjórnarfundar BsVest sem fór fram 24.09.2021.

22. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2021 - 2101521

Á fundinum var lagt fram minnisblað sveitarstjóra um stöðu verkefna.

Lagt fram.

23. Fundargerðir 2021 Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða - 2103024

Fundargerð 134.fundar Heilbrigðisnefndar Vestfjarðasvæðis sem fór fram 26.08.2021.

Lagt fram.

24. Fundargerðir 2021 Hafnasamband - 2101560

Fundargerðir 436. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands sem fór fram 20.08.2021 og 437. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands sem fór fram 16.09.2021.

Lagt fram.

25. Fundargerðir 2021 Samband íslenskra sveitarfélaga - 2102594

Fundargerð 901. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 24.09.2021.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 20:45.

Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG)

Guðni Ólafsson (GÓ)

Ingibjörg Ósk Þórhallsdóttir (IÓÞ)

Björgvin Smári Haraldsson (BSH)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)